

Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.
Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

74

31. des.

Bráðabirgðaaákvæði.

Að svo miklu leyti sem ákvæði laga þessara kunna að koma í bága við samninga einstakra sjúkrasamlaga við lækna eða aðra, ganga lögin að því leyti ekki í gildi fyrr en þeir samningar eru úr gildi fallnir, enda verði þeim sagt upp svo fljótt sem samningar heimila.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

75

31. des.

um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., höfum látið fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 42 13. júní 1937, um viðauka við lög nr. 121 12. des. 1935, inn í lög nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefum þau hér með út svo breytt:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útveggsbanka Íslands h/f og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

75

31. des.

Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gærðar séu tilraunir með nýjar veiði-aðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfiskútflýtjendur. Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski, og ennfremur á verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna.

Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd úthlutun útflutningsleyfa. Einnig getur ráðherra falið nefndinni eða almennu fiskisölufélagi (sbr. 2. málsg. 4. gr.) framkvæmd þeirra annara starfa, er ráðlegt þykir og undir hann heyra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir saltfiskútflýtjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum fiskimálanefndar.

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflýtjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á effir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert, og kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meiru en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefir hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefir eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefir umfram tilskilið lágmark, þannig, að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun riflegri en hinna, sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar, enda skulu þeir hlíta fyrir mælum atvinnumálaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningsstíma á saltfiski.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem

að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt tiltekna 75
tölu saltfiskútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 31. des.
skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu,
ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum
samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið
öllum fiskframleiðendum.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt síðustu málsgr. 4. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra
sem útflytjendur, verða að skuldabinda sig til að hlíta fyrir mælum fiskimálanefndar
um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu mark-
aðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að
skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð
má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum,
gegn hæfilegri hámarkspóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fisk-
framleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa fiskimálanefnd allar upplýsingar, sem hún
óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning fiskjar, og hefir nefndin frjálstan að-
gang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagn-
arheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt. Er
nefndinni skylt að gefa atvinnumálaráðherra þær skýrslur, er hún telur nauðsyn-
legt til að varðveitt verði jafnrétti fiskframleiðenda.

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2.
málsgrein 4. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslunni, og
á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar þær upplýsingar, er hún óskar, um sölu og
útflutning fisks, er fiskimálanefnd kann að sjá um sölu á, samkv. 2. gr., og aðgang
að skjölum þar að lútandi, enda skal félagið láta fiskimálanefnd fá til umráða nægan
fisk til nauðsynlegra tilraumasendinga á nýja markaði og annarar nýbreytni sam-
kvæmt 2. gr.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi fiskimálanefndar, til þess að tryggja sölu á
fiskframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og getur þá atvinnumálaráðherra,
eftir tillögum nefndarinnar, mælt svo fyrir með reglugerð, að takmarka skuli veiði
verðlítis fiskjar, svo og að banna megi eða draga úr aukningu fiskiskipaflotans og
úrskurða um það, hvar aukning megi eiga sér stað.

8. gr.

Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir
þann tíma, er fiskimálanefnd ákveður, sækja um verkunarleyfi til fiskimálanefndar.
Í leyfisbeiðnum skulu fiskframleiðendur tilgreina tölu, einkennistölu og stærð
fiskiskipa, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, og áætla afla. Skulu framleið-
endur skyldir að láta nefndinni í té allar upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað
geta að því að áætla veiðina sem næst sanni, og ennfremur gefa nefndinni mánaðar-
lega nákvæmar aflaskýrslur, eftir að veiði byrjar ár hvert, og jafnframt tilgreina,
hver hafi fiskinn til sölumeðferðar.

Í leyfisbeiðni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Fiskimálanefnd úthlutar verkunarleyfum, og skal, eftir því sem við verður komið,
úthluta leyfum eftir óskum fiskframleiðenda. Nú er, að dómi nefndarinnar, ekki

75 líklegt, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkun, sem framleiðendur óska, vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum, og getur þá nefndin ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli seldur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hún álitur, að tryggji það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal nefndin hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum síns fiskjar, ákvæði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

11. gr.

Brjótí löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur atvinnumálaráðherra svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

12. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og fiskimálanefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á saltfiski, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki fiskimálanefndar, ef félag fiskframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsg. 4. gr. æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja saltfisk til útlanda.

Sé slíkur félagsskapur fiskframleiðenda eigi til, getur ríkisstjórnin falið fiskimálanefnd einkasölu á fiski til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá fiskimálanefnd framkvæmdarstjóra til þess að annast fisksöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölnunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé fiskimálanefnd falin einkasala á fiski, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölnunnar.

Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur þegar er stofnað verður félag fiskframleiðenda, er fullnægir 2. málsg. 4. gr.

13. gr.

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 14. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 400000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi $\frac{1}{2}\%$ — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.

Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.

2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. álit ráðherra og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að $\frac{1}{4}$ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtizku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti fiskimálanefndar, og er öllum sjómönnum, verkamönnum og öðrum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka.
- Þeim, sem fá styrk til togara kaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að fráðregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togara kaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.
4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framan-skráðu, eftir nánari fyrir mælum ráðherra.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði, að fengnu samþykki ráðherra.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi, skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnuáráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra heimilað, að allt andvirði verði greitt útflytjanda. Refsiákvæði fyrri málsgreinar nær eigi til brota á þessari málsgrein.

16. gr.

Lög nr. 75 29. des. 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og 1. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða, eru úr gildi felld.

75

Ákvæði til bráðabirgða.

31. des.

Fé því, sem til kann að vera í markaðs- og verðjöfnunarsjóði eftir að sjóðurinn hefir innt af hendi áhvilandi skuldbindingar, skal varið til verðjöfnunar milli fisk-útflytjenda, en síðan ef enn verður afgangur, skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn. Núverandi stjórn markaðs- og verðjöfnunarsjóðs annast úthlutun þessa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.